


Jext® gátlisti fyrir lækna

- Jext er áfylltur penni (sjálfvirkt inndælingartæki) sem gefur einn skammt af adrenalíni (sem tartrat).
- Jext er ætlað til bráðameðferðar við slæmum bráðum ofnæmisviðbrögðum (bráðaofnæmi) við skordýrastungum eða skordýrabiti, fæðu, lyfjum og öðrum ofnæmisvöldum og jafnframt ofnæmi af óþekktum toga eða ofnæmi sem leysist úr læðingi við líkamspjálfun.
- Fræðsla fyrir sjúklinga og umönnunaraðila skiptir höfuðmáli til þess að tryggja tímanlega og rétta meðferð og gjöf adrenalíns í neyðartilvikum og er því mikilvægur þáttur í áhættustjórnun fyrir sjúklinginn. Þekking á réttri tækni við lyfjagjöf og meðferð tækisins dregur enn frekar úr hættu á lyfjagjöf fyrir slysn og ónauðsynlegri lyfjagjöf og dregur úr hættu á aukaverkunum.
- Tilgangur með gátlistanum er að auðvelda læknum að upplýsa sjúklinga og/eða umönnunaraðila um rétta notkun, geymslu og meðferð Jext. Gátlistinn getur nýst sem allsherjar upplýsingatæki eða sem staðfesting á ráðgjöf fyrir einstaka sjúklinga.

Eftirfarandi fræðsluefni fyrir rétta notkun, geymslu og meðferð Jext er fáanlegt fyrir sjúklinga og umönnunaraðila:

- Jext þjálfunarpenni
- Kennslumyndband
- Sjúklingakort



Jext gátlisti fyrir lækna

- Læknar sem ávísa lyfinu eiga að vera vissir um að geta svarað játandi neðangreindum spurningum sem tengjast ávísun lyfsins, notkunarleiðbeiningum og geymslu og meðferð Jext.

Nafn sjúklings: _____

➤ Ávísun lyfsins

Er þyngd sjúklings á bilinu 15 kg og 30 kg?	Ávísið Jext 150 míkróg
Er þyngd sjúklings meiri en 30 kg?	Ávísið Jext 300 míkróg
Hefur sjúklingnum verið ávísað tveimur Jext sjálfvirkum inndælingartækjum?	
Hefur sjúklingnum verið ráðlagt að hafa ávallt tvö Jext sjálfvirk inndælingartæki meðferðis?	

➤ Notkunarleiðbeiningar

Hefur sjúklingnum verið kennt við hvernig aðstæður beri að nota Jext?	
Hefur sjúklingnum verið sýnd rétt meðferð og tækni við lyfjagjöf?	
Hefur sjúklingurinn verið upplýstur um að hringja á sjúkrabíl í 112 og biðja um neyðaraðstoð vegna bráðaofnæmis eftir notkun Jext sjálfvirks inndælingartækis jafnvel þótt einkennin hafi lagast?	
Er sjúklingurinn meðvitaður um að nota annað Jext sjálfvirkt inndælingartæki eftir 5-15 mínútur ef enginn bati hefur orðið?	
Hefur sjúklingnum verið séð fyrir Jext þjálfunarpenna til þess að æfa tækni við inndælingu?	
Hefur sjúklingurinn verið upplýstur um að vera ekki með Jext þjálfunarpenna á sér og geyma hann ekki með Jext sjálfvirka inndælingartækinu?	
Hefur sjúklingurinn fengið Sjúklingakort fyrir viðbótarþjálfun og leiðbeiningar?	
Hefur sjúklingnum verið ráðlagt að horfa á kennslumyndband um hvernig eigi að nota Jext á www.infoaai.com ?	

➤ Geymsla og meðferð


Hefur sjúklingurinn verið upplýstur um að geyma Jext undir 25°C og að forðast að lyfið frjósi?	
Hefur sjúklingurinn verið upplýstur um að fylgjast reglulega með adrenalínlausninni í skjá pennans til að ganga úr skugga um að lausnin sé tær og litlaus og að fá nýtt sjálfvirkt inndælingartæki ef lausnin er mislit eða inniheldur agnir?	
Hefur sjúklingnum verið ráðlagt að athuga fyrningardagsetninguna á Jext reglulega og að tryggja sér nýjan penna áður en að fyrningardagsetningunni kemur?	

Undirskrift læknis: _____

Dagsetning: _____


Jext: Notkunarleiðbeiningar

1»




Taktu um Jext pennann með ráðandi hendi (þeirri sem þú skrifar með) með þumalfingur næst gulu hettunni.

2»



Dragðu gulu hettuna af með hinni hendinni.

3»



Settu svarta inndælingarendann að utanverðu læri, haltu pennanum hornrétt (um það bil 90° horn) á lærið.

4»



Ýttu svarta endanum ákveðið í utanvert lærið þangað til heyrst „smellur“, sem staðfestir að inndælingin er hafin. Haltu pennanum þétt við lærið í 10 sekúndur (teldu hægt upp að 10) fjarlægðu hann síðan. Svarti endinn mun dragast sjálfvirkir út og fela nálina.

5»



Nuddaðu stungustaðinn í u.þ.b. 10 sekúndur. Leitaðu tafarlaust til læknis. Hringdu í 112, pantaðu sjúkrabíl, segðu bráðaofnæmi. Ef þú ert ekki fær um að hringja fáðu einhvern annan til að hringja fyrir þig.